



A 1681/præsídiet

Flutningur:
Forsætisnefnd

Afgreiðsla:
Forsætisnefnd

Fylgiskjal:
Endurskoðaðar starfsreglur
Norðurlandaráðs, skjal
5/2016

Málsnúmer 16-00233-1

Forsætisnefndartillaga um endurskoðaðar starfsreglur Norðurlandaráðs

Tillaga

Forsætisnefnd leggur til að

Norðurlandaráð samþykki

að Norðurlandaráð felli úr gildi núverandi starfsreglur Norðurlandaráðs og samþykki nýjar starfsreglur Norðurlandaráðs sem taki gildi 1. janúar 2017.

Forsaga

Í janúar 2014 skipaði forsætisnefnd Norðurlandaráðs pólitískan starfshóp með 10 þingfulltrúum til að vinna tillögur að umbótum. Málsmeðferð og ferli ráðsins höfðu sætt gagnrýni fyrir að þjóna ekki tilgangi sínum og voru óskir uppi um að þróa norrænt samstarf og gera Norðurlandaráð að skilvirkari og nútímalegri stofnun fyrir pólitískar samræður. Starfi umbótahópsins lauk í október 2015. Skýrsla var lögð fyrir þingið í Reykjavík þar sem fram kom hvaða tillögur umbótahópsins Norðurlandaráð var búin að samþykkja.

Í framhaldinu hefur skrifstofa Norðurlandaráðs séð um að framkvæma ákvarðanir ráðsins, þar á meðal endurskoðun á starfsreglum Norðurlandaráðs. Starfsreglur Norðurlandaráðs voru uppfærðar á árinu 2012 að undangengnu stóru verkefni um nýja starfshætti í Norðurlandaráði. Sú endurskoðun sem hér er á ferðinni fjallar aðallega um tæknileg atriði eða samræmingu á greinum en einnig aðlögun að starfsháttum.

Umsagnarferli

Forsætisnefndin fjallaði um fyrstu drög að endurskoðuðum starfsreglum Norðurlandaráðs á fundi sínum, 21. júní 2016. Þá var ákveðið að senda drögin til umsagnar allra þingmanna, landsdeilda og flokkahópa Norðurlandaráðs.

Umsagnir hafa borist frá landsdeild Álandseyja, landsdeild Finnlands, norrænu velferðarnefndinni, flokkahópi jafnaðarmanna, flokkahópi miðju-

manna, flokkahópi hægrimanna, Hákan Svenning (V), skrifstofu landsdeildar Svíþjóðar og Norðurlandaráði æskunnar.

Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Af tilliti til umbótastarfsins í Norðurlandaráði á árunum 2014–2015 telur forsætisnefndin nauðsynlegt að fella núverandi starfsreglur Norðurlandaráðs úr gildi og samþykkja endurskoðaðar starfsreglur Norðurlandaráðs. Þrátt fyrir að ekki sé um miklar efnislegar breytingar á gildandi starfsreglum að ræða telur forsætisnefndin pólitísku starfi til framdráttar að ákvæðin séu nútímaleg og rökrétt.

Stokkhólmi, 27. september 2016

Britt Lundberg (ÅC)

Erkki Tuomioja (sd)

Hans Wallmark (M)

Helgi Hjörvar (A)

Henrik Dam Kristensen (S)

Höskuldur Þórhallsson (F)

Michael Tetzschner (H)

Mikkel Dencker (DF)

Penilla Gunther (KD)

Phia Andersson (S)

Rigmor Andersen Eide (KrF)

Sonja Mandt (A)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Wille Rydman (Saml)

Norðurlandaráð

A 1681/præsídiet

Flutningur:
Forsætisnefnd

Afgreiðsla:
Forsætisnefnd

Fylgiskjal:
Endurskoðaðar starfsreglur
Norðurlandaráðs, skjal
5/2016

Málsnúmer 16-00233-1